# REGLUGERÐ

## um (4.) breytingu á reglugerð nr. 650/1994 um eftirlit með fóðri, sbr. breytingar með reglugerð nr. 718/1995, reglugerð nr. 510/1996 og reglugerð nr. 553/1998.

1. gr.

Við 18. gr. bætist eftirfarandi málsgrein: „Ákvæði þetta gildir ekki um vörur sem afhentar eru framleiðendum fóðurblandna eða birgjum þeirra."

2. gr.

Við 19. gr. bætist eftirfarandi málsgrein: „Ákvæði þetta gildir ekki um vörur sem afhentar eru framleiðendum fóðurblandna eða birgjum þeirra".

3. gr.

Í stað þeirrar breytingar sem gerð var á töflu í VI. kafla, staflið D, tölulið 4.0 sem ber heitið „Hníslalyf", með 4. gr. reglugerðar nr. 553/1998, kemur eftirfarandi tafla:

| ESB-nr. | Aukefni | Efnaformúla, lýsing | Dýrategund eða –flokkur | Hámarks-aldur | Lágmarks-magn | Hámarks-magn | Önnur ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | mg/kg heilfóðurs | | |
| „E 750 | Amprólíum | 1-[(4-amínó-2-própýlpýrimídín-5-ýl)-metýl]-2-metýl-pýrídínklóríð hýdróklóríð | Alifuglar | - | 62,5 | 125 | Notkun bönnuð frá varpaldri og a.m.k. síðustu 3 dagana fyrir slátrun |
| E 752 | Dínítólíð (DOT) | 3,5-Dínítró-2-tólúamíð | Alifuglar | - | 62,5 | 125 | Notkun bönnuð frá varpaldri og a.m.k. síðustu 3 dagana fyrir slátrun |
| E 754 | Dímetrídasól | 1,2-dímetýl-5-nítróimídasól | Kalkúnar | - | 100 | 200 | Notkun bönnuð frá varpaldri og a.m.k. síðustu 6 dagana fyrir slátrun |
| | | | Perluhænsni | - | 125 | 150 | Notkun bönnuð frá varpaldri og a.m.k. síðustu 6 dagana fyrir slátrun |
| E 755 | Metíklórpindól | 3,5-díklór-2,6-dímetýlpýridín-4-ól | Holda-kjúklingar, perluhænsni | - | 125 | 125 | Notkun bönnuð frá varpaldri og a.m.k. síðustu 5 dagana fyrir slátrun |
| | | | Kanínur | - | 125 | 200 | Notkun bönnuð a.m.k. síðustu 5 dagana fyrir slátrun |
| E 756 | Dekókínat | 3-etoxýkarbónýl-4-hýdroxý-6-dekýloxý-7-etoxýkínólín | Holda-kjúklingar | - | 20 | 40 | Notkun bönnuð a.m.k. síðustu 3 dagana fyrir slátrun |
| E 758 | Róbenidín | 1,3-bis[(4-klórbensýlíden)-amínó]guanidín hýdróklóríð | Holda-kjúklingar, kalkúnar | - | 30 | 36 | Notkun bönnuð a.m.k. síðustu 5 dagana fyrir slátrun |
| | | | Alikanínur | - | 50 | 66 | Notkun bönnuð a.m.k. síðustu 5 dagana fyrir slátrun |
| | | | Kanínur til undaneldis | - | 50 | 66 | Notkun bönnuð a.m.k. síðustu 5 dagana fyrir slátrun |

| ESB-nr. | Aukefni | Efnaformúla, lýsing | Dýrategund eða –flokkur | Hámarks-aldur | Lágmarks-magn | Hámarks-magn | Önnur ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | mg/kg heilfóðurs | | |
| E 759 | Rónídasól | (1-metýl-5-nítróimídasól-2-ýl)metýlkarbamat | Kalkúnar | - | 60 | 90 | Notkun bönnuð frá varpaldri og a.m.k. síðustu 6 dagana fyrir slátrun |
| E 760 | Ipronídasól | 1-metýl-2-ísóprópýl-5-nítróimídasól | Kalkúnar | - | 50 | 85 | Notkun bönnuð frá varpaldri og a.m.k. síðustu 6 dagana fyrir slátrun |
| E 761 | Metiklórpindól/metýlbensókvat (blanda 100 hluta af a) metiklórpindól og 8,35 hluta af b) metýlbensókvati) | a) 3,5-díklór-2,6-dímetýl-pýridín-4-ól | Holda-kjúklingar | - | 110 | 110 | Notkun bönnuð a.m.k. síðustu 5 dagana fyrir slátrun. |
| | | b) 7-bensýloxý-6-bútýl-3-metoxýkarbónýl-4-kínólón | Varphænsni | 16 vikur | 110 | 110 | - |
| | | | Kalkúnar | 12 vikur | 110 | 110 | Notkun bönnuð a.m.k. síðustu 5 dagana fyrir slátrun |
| E 762 | Arprínósíð | 9-(2-klór-6-flúrbensýl) adenín | Holda-kjúklingar | - | 60 | 60 | Notkun bönnuð a.m.k. síðustu 5 dagana fyrir slátrun |
| | | | Varphænsni | 16 vikur | 60 | 60 | - |
| E 764 | Halófúginón | dl-trans-7-brómó-6-klór-3-[3-(3-hýdroxý-2-piperídýl) asetonýl]-kínasólín-4-(3H)-eitt hýdróbrómíð | Holda-kjúklingar | - | 2 | 3 | Notkun bönnuð a.m.k. síðustu 5 dagana fyrir slátrun |
| | | | Kalkúnar | 12 vikur | 2 | 3 | Notkun bönnuð a.m.k. síðustu 5 dagana fyrir slátrun |
| E 765 | Narasín | $C_{43}H_{72}O_{11}$ (pólýeter úr mónókarboxýlsýru sem framleidd er af Streptomyces aureofaciens) | Holda-kjúklingar | - | 60 | 70 | Notkun bönnuð a.m.k. síðustu 5 dagana fyrir slátrun. Eftirfarandi skal tilgreina í notkunarleiðbeiningum: „Hættulegt hrossum" „Þetta fóður inniheldur jónófor: ekki er ráðlegt að nota það samtímis tiltekum lyfjum (t.d. tíamúlín)" |
| E 768 | Nikarbasín | Komplex með jöfnum mólikúl hlutföllum úr 1,3-bis (4-nítrófenýl) þvagefni og 4,6 dímetýlpýrimídín-2-ól | Holda-kjúklingar | 4 vikur | 100 | 125 | Notkun bönnuð a.m.k. síðustu 9 dagana fyrir slátrun |

| ESB-nr. | Aukefni | Efnaformúla, lýsing | Dýrategund eða –flokkur | Hámarks-aldur | Lágmarks-magn | Hámarks-magn | Önnur ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | mg/kg heilfóðurs | | |
| E 769 | Nifursól | 3,5-dínítró-N[1]-(5-nítrófúrfúrý líden)-salisýló hýdrasíð<br><br>Lágmarkshreinleiki: 98% í vatnsfirrtu formi<br><br>Sérstök einkenni þriggja leyfðra blandna:<br><br>- Hámarks magn nifur sóls: 14,6%, 44% eða 50%<br><br>- Lágmarks-geymsluþol (stöðugleiki): 24 mánuðir<br><br>- Burðarefni fyrir blöndurnar þrjár: maíssterkja og 12%, 33% eða 34% af sojabaunaolíu samanber ofangreint hámarksmagn af nifursól | Kalkúnar | | 50 | 75 | Notkun bönnuð a.m.k. síðustu 5 dagana fyrir slátrun<br><br>Hámarksmagn ryks sem þyrlast upp við meðhöndlun, eins og ákvarðað er samkvæmt Stauber Heubach-aðferðinni[i]: 0,1 µg nifursól" |
| E 770 | Madúra-mísín-ammoníum | $C_{47}H_{83}O_{17}N$ (ammóníumsalt af pólýeter-mónókarboxýl-sýru framleitt af *Actinomadura yumaenisis)* | Holda-kjúklingar | - | 5 | 5 | Notkun bönnuð a.m.k. síðustu 5 dagana fyrir slátrun.<br>Tilgreina skal eftirfarandi í notkunarleiðbeiningum:<br>- „Hættulegt hrossum"<br>„Þetta fóður inniheldur jónófor; ekki er ráðlegt að nota það samtímis tiltekum lyfjum (t.d. tíamúlín)" |
| E 771 | Díklasúríl | (+)-4-klórfenýl(2,6-díklór-4-(2,3,4,5,-tetróhýdró-3,5-díoxó-1,2,4-tríasín-2-ýl-fenýl)asetónítríl | Holdakjúklingar | - | 1 | 1 | Notkun bönnuð a.m.k. síðustu 5 dagana fyrir slátrun." |

[i] Tilvísun: Fresenius Z. Anal. Chem (1984) 318:522-4, Springer Verlag 1984.

4. gr.

Töluliður 2.0 sem ber heitið „Geymsla", í staflið A, X. kafla, orðast svo:

„Geyma skal aukefni og forblöndur og fóðurblöndur sem innihalda aukefni þannig að auðvelt sé að bera kennsl á þau og að ekki sé hætta á að þeim sé ruglað saman við önnur aukefni, forblöndur eða lyfjaefni, lyfjabætt fóður eða fóður. Þau skulu geymd á hentugum stöðum sem hægt er að læsa og eru sérstaklega ætlaðir til geymslu slíkra framleiðsluvara."

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru nr. 22/1994 og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 14. apríl 1999.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Hjördís Halldórsdóttir.*

Nr. 264 21. apríl 1999

# AUGLÝSING

## um listabókstafi stjórnmálasamtaka.

Ráðuneytið hefur ákveðið listabókstafi stjórnmálasamtaka sem ekki hafa skráðan listabókstaf, sbr. auglýsingu nr. 147 17. febrúar 1999 og auglýsingu nr. 211 22. mars 1999, sem hér segir:

H Húmanistaflokkurinn.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 40. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, sbr. lög nr. 10 19. mars 1991.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. apríl 1999.*

F. h. r.
**Ólafur W. Stefánsson.**

*Jón Thors.*

Nr. 265 15. apríl 1999

# AUGLÝSING

## um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Fellahrepps 1981-2001.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. apríl 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fellahrepps 1981-2001.

Breytingin varðar lóð nr. 4 við Helgafell þar sem hluti verslunarsvæðis verður blönduð notkun verslunar og iðnaðar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fellahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisráðuneytinu, 15. apríl 1999.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*